



Til bæjarráðs Garðabæjar

Garðabæ, 5. júní 2019

### **Svæði til gróðursetningar fyrir grunnskólanemendur í Garðabæ**

Erindi þetta er sent til upplýsingar og von um að bærinn komi til liðs við Skógræktarfélag Garðabæjar við öflun landsvæða til Yrkjugróðursetningar grunnskólanemenda í bænum. Verkefnið er árlegt samstarfsverkefni félagsins og grunnskólanna í Garðabæ.

Skógræktarfélagið hefur haft umsjón með gróðursetningum grunnskólanema síðan Yrkjuverkefnið hófst árið 1990. Félagið hefur útvegað svæði til gróðursetninga, lánað verkfæri og ekki síst leiðbeint nemendum við gróðursetningu.

Mjög góð þátttaka skólanna í Garðabæ er í Yrkjuverkefninu, en rúmlega 500 nemendur taka þátt í ár og setja niður yfir 1600 birkiplöntur. Vandamálið er minnkandi landrými sem félagið hefur getað útvegað til gróðursetningar, en svæði til Yrkjugróðursetninga þarf að vera lítt gróið svo litlu bakkaplönturnar sem er úthlutað nái að komast á legg en kafni ekki í lúpínu eða grasi.

Yrkjugróðursetningar hafa undanfarin ár verið á eftirtöldum svæðum:

Bæjargarður í Garðahrauni – 4. bekkingar Flataskóla.

Sandahlíð, austast við Guðmundarlund – allir nemendur Sjálandsskóla og Alþjóðaskólans.

Bessastaðanes – þátttaka 4. bekkinga Álftanesskóla og Hofstaðaskóla.

Hádegisholt við golfvöll Odds í Urriðaholti- Urriðaholtsskóli, (nýtt 2019).

Skógræktarfélagið hefur aflað leyfa fyrir þessi svæði hvert um sig, en er yfirleitt ekki með formlega undirritaða samninga.

Eins og öllum er ljóst er mjög mikilvægt að grunnskólanemendur í Garðabæ fái tækifæri til að gróðursetja trjáplöntur í framtíðinni eins og hingað til en það er ekki hægt nema hafa landssvæði til að gróðursetja í. Skógræktarfélagið óskar eftir að bærinn komi til móts við Yrkjuverkefnið með því að útvega landssvæði svo verkefnið megi dafna áfram.

Þess má einnig geta að aukist hefur að fyrirtæki, starfsmannahópar o.fl. hafi samband við Skógræktarfélagið til að fá að gróðursetja trjáplöntur og kolefnisjafna starfsemi sína. Því miður hefur félagið þurft að vísa þeim óskum á bug vegna landleysis.

Það er öfugsnúið í jafn grænum og vistvænum bæ og Garðabæ að ekki sé til heppilegt landsvæði til gróðursetningar með auknum áhuga fólks á loftlagsmálum. Yrkjugróðursetning nemenda í Garðabæ er jákvætt lóð á vogaskálina til að sporna gegn loftlagsbreytingum. Þá er ekki síður mikilvægur allur sá skógur sem vex og dafnar á landssvæðum sem eru í umsjá

Skógræktarfélag Garðabæjar. Vonandi fær sá skógur að vaxa og dafna til framtíðar, bæjarbúum og öðrum til heilla.

Með bestu kveðju

Fh. Skógræktarfélag Garðabæjar

Kristrún Sigurðardóttir, formaður

Erla Bil Bjarnardóttir



Áhugasamir nemendur í Urriðaholtsskóla setja niður birkiplöntur nú í vor í Hádegisholt við Golfklúbbinn Odda. Líklega verður hægt að gróðursetja í móann næstu 5 árin áður en lúpínan nær yfirhöndinni.